

Festi hf.: Niðurstöður aðalfundar 6. mars 2024

Aðalfundur Festi hf. var haldinn miðvikudaginn 6. mars 2024 klukkan 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Helstu niðurstöður fundarins eru sem hér segir.

1. Fundurinn samþykkti ársreikning móðurfélags og samstæðureikning félagsins fyrir árið 2023.

2. Ákvörðun var tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2023 sem hér segir:

„Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 6. mars 2024 að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 904.500.000 vegna rekstrarársins 2023 eða kr. 3,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verði greiddur til hluthafa þann 10. apríl 2024. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 5. mars 2024 og arðleysisdagur er því 6. mars 2024. Arðsréttindadagur er 7. mars 2024, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Nasdaq CSD í lok dags 7. mars 2024.“

3. Tillögur tilnefningarnefndar að breyttum starfsreglum nefndarinnar voru samþykktar.

Um breytingarnar er vísað til skýrslu tilnefningarnefndar og tillöguskjals fyrir fundinn sem aðgengilegt er á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>.

4. Niðurstaða stjórnarkjörs.

Stjórnarkjör fór fram á fundinum og voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Guðjón Auðunsson

Guðjón Reynisson

Hjörleifur Pálsson

Margrét Guðmundsdóttir

Sigurlína Ingvarsdóttir

Stjórn hefur skipt með sér verkum og er Guðjón Reynisson formaður stjórnar og Sigurlína Ingvarsdóttir varaformaður stjórnar.

5. Tillaga stjórnar um að skipa Ólaf Arinbjörn Sigurðsson og Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur í tilnefningarnefnd var samþykkt.

6. Deloitte ehf. var kosið endurskoðunarfirma félagsins fyrir árið 2024.

7. Ákvörðun var tekin um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar sem hér segir:

Stjórnarformaður kr. 860.000 á mánuði, varaformaður stjórnar kr. 640.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn kr. 430.000 á mánuði.

Nefndarmenn í starfskjaranefnd kr. 70.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 130.000 á mánuði.

Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd kr. 105.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 210.000 á mánuði.

Nefndarmenn í tilnefningarnefnd kr. 130.000 á mánuði og formaður tilnefningarnefndar kr. 170.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingarráðs kr. 100.000 á mánuði og aðrir ráðsmenn kr. 70.000 á mánuði. Þóknun greiðist ekki til starfsmanna Festi hf. eigi þeir setu í ráðinu.

8. Tillaga stjórnar um uppfærða starfskjarastefnu félagsins var samþykkt.

Samþykkt starfskjarastefna félagsins er aðgengileg á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>.

9. Kaupréttaráætlun fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar var samþykkt.

Um hina samþykktu tillögu er vísað til kaupréttaráætlunar fyrir starfsmenn Festi hf. og dótturfélaga og tillöguskjals fyrir fundinn sem aðgengilegt er á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>.

10. Kaupréttaráætlun fyrir lykilstjórnendur samstæðunnar var samþykkt.

Um hina samþykktu tillögu er vísað til kaupréttaráætlunar fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn Festi hf. og dótturfélaga og tillöguskjals fyrir fundinn sem aðgengilegt er á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>.

11. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins voru samþykktar.

Um breytingarnar er vísað til tillöguskjals fyrir fundinn sem aðgengilegt er á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/adalfundur-2024>.

12. Eftirfarandi tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum var samþykkt sem og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 6. mars 2024 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2025. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

13. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu um lækkun hlutafjár vegna eigin hluta:

„Aðalfundur Festi hf., haldinn 6. mars 2024, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 304.500.000 að nafnverði í kr. 301.500.000 að nafnverði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 3.000.000 að nafnverði. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 22. mars 2023 á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“

4. gr. samþykktu félagsins breytist til samræmis við hina samþykktu tillögu.

14. Fyrirliggjandi tillaga stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd var afturkölluð á fundinum. Fundurinn samþykkti að veita stjórn félagsins heimild til að tilnefna utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd félagsins.